

Fundargerð 194. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 29. nóvember 2017
Fundartími: 15:00 – 16:30
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Margrét Jónsdóttir
Svanhvít Hermannsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Jóhann Helgi Hlöðversson varamaður Rósu Matthíasdóttur
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri
Gestir á fundinum Börkur Brynjarsson tæknisviði Uppsveita og Guðmundur Daníelsson undir lið 3.

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 144, dags. 09.11.2017

a) Svarfhólsvöllur lnr. 166322: Golfvöllur Selfoss: 1. áfangi: Framkvæmdaleyfi – 1711007

Lagt fram erindi Sveitarfélagsins Árborgar og Golfklúbbs Selfoss dags. 31. október 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir fyrsta áfanga fyrirhugaðra golfbrauta á Svarfhólsvelli.

Afgreiðslu frestað og skipulagsfulltrúa falið að leita umsagnar Fiskistofu og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Einnig er skipulagsfulltrúa falið að kynna málið fyrir eigendum Laugardæla.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Hólmasel 2 lnr. 225221: Deiliskipulag – 1708068

Með auglýsingu sem birtist 5. október s.l. var kynnt lýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir nýtt lögbýli sem stofnað verður á um 58 ha. spildu úr landi Hólmases. Borist hafa umsagnir frá Minjastofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands auk þess sem ein athugasemd barst á kynningartíma. Þá er lögð fram umsögn skipulagsráðgjafa um atriði sem fram koma í umsögnum og athugasemd.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að unnið verði áfram að gerð deiliskipulagstillögu fyrir svæði þar sem m.a. þarf að koma fram hvernig leysa eigi mál varðandi fráveituskurði.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 66 – 1710006F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. nóvember 2017.

d) Áætlanagerð Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar – 1711021

Hreinn Óskarsson og Hrefna Jóhannesdóttir hjá Skógrækt ríkisins kynntu fyrirhugaða vinnu við lands- og landshlutaáætlanir fyrir skógrækt og landgræðslu.

Oddviti Flóahrepps kynnti verkefnið lauslega fyrir sveitarstjórn.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 145, dags. 23.11.2017

a) Sandbakki lnr. 166370: Sólbakki: Stofnun lóðar -1711042

Lögð fram umsókn Guðrúnar Jónsdóttur og Alberts Sigurjónssonar dags. 14. nóvember 2017 um stofnun 747 fm lóðar úr landi Sandbakka lnr. 166370 utan um fyrirhugað íbúðarhús sem nýlega var samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn. Er óskað eftir að lóðin fái heitið Sólbakki.

Skipulagsnefnd geri ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við nafnið Sólbakki. Ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Bitra land 215992: Stækkun hótels: Aðalskipulagsbreyting – 1611063

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna hugmynda um stækkun á hóteli á bæjartorfu Bitru. Fyrir liggja umsagnir Skipulagsstofnunar, Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn feli skipulagsfulltrúa að kynna aðalskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 4 atkvæðum.

Svanhvít Hermannsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.

Bókun Svanhvítar Hermannsdóttur:

Ég kys að sitja hjá við afgreiðslum málsins vegna þess að ég tel að ekki hafi verið svarað athugasemdum Skipulagsstofnar frá 21. febrúar 2017.

c) Hólmasel 2 lnr. 2258221: Deiliskipulag – 1708068

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 14,4 ha spildu úr landi Hólmases 2. Er heildarstærð landsins 58,1 ha og er það skráð sem lögbýli og gert ráð fyrir að nafn þess verði Árheimar. Er tillagan unnin á grunni lýsingar sem kynnt hefur verið skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu, allt að 300 fm íbúðarhúss á 1 – 2 hæðum auk þriggja allt að 150 fm starfsmanna-/gestahúsa. Þá er gert ráð fyrir að afleggja þverskurð á miðju skipulagssvæðinu og grafa í stað hans nýjan skurð um 15 m frá Villingaholtsvegi.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagið veðri kynnt skv. 4. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að í skipulaginu komi fram lágmarks gólfkótar fyrirhugaðra húsa vegna flóðahættu og að númerum lóða verði breytt í samráði við skipulagsfulltrúa.

Sveitarstjórn telur augljóst að tekið hafi verið tillit til athugasemda og samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17 – 67 – 1711003F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. nóvember 2017

3. Ljósleiðari í Flóahrepp

a) Ísland ljóstengt – tilkynning Flóahrepps vegna styrkúthlutunar 2018

Fyrir liggur afgreiðsla á styrkumsókn Flóahrepps til lagningar ljósleiðara í sveitarfélaginu frá „Ísland ljóstengt“. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að tilkynna þátttöku Flóahrepps í verkefninu sem miðast við 233 styrkhæfa tengistaði og 74.094 þús. kr. styrkupp hæð og hefja undirbúning verkefnisins.

b) Næstu skref

Lagður fram samningur um verkefnastjórnun varðandi undirbúning og framkvæmd verkefnisins „Flóahreppur ljóstengdur“, milli Flóahrepps kt. 600606-1310 annars vegar og Snerru ehf kt. 460916-0460 hins vegar. Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita hann.

Árni Eiríksson (sign)

Jóhann Helgi Hlöðversson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Margrét Jónsdóttur (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)